



Umbótaáætlun vegna ytra mats grunnskóla Barnaskóla Hjallastefnunnar Garðabæ

Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir

Ragnhildur Ólafsdóttir

Skólastýrur

Inngangur

Umbótaáætlun vegna ytra mats Barnaskóla Hjallastefnunnar yngsta stigs og miðstigs Vífilsskóla haustið 2014.

Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin var á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í skólunum voru metnir fjórir þættir: Stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Sú hefð hefur skapast í Barnaskóla Hjallastefnunnar að tala um yngsta stigið sem eru nemendur í 1. – 4. bekk sem Barnaskólann og miðstigið 5. – 7. bekkur sem Vífilsskóla. Því er stundum í umbótaáætluninni talað um skólana og markast það af þessari hefð en eins og öllum er fullkunnugt um er verið að ræða um einn skóla.

Stjórnun

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Tækifæri til umbóta

- Aðlaga stefnu í skólanámskrá enn frekar að ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Fram kemur að aðlaga þurfi stefnu skólanámskrár enn frekar að ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Stjórnendur munu rýna bæði í stefnu skóla- og Kynjanámskrár Hjallastefnunnar með ákvæði

Aðalnámskrár grunnskóla sér til hliðsjónar. Áætluð lok á þeirri vinnu er 1. nóvember 2015. Fram

kemur í skýrslunni að grunnþættir Aðalnámskrár ríma vel við Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Stjórnun stofnunar

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf skipurit eða lýsingu á stjórnskipulagi og verkaskiptingu stjórnenda.
- Birta starfslýsingar á heimasíðu skólanna.
- Gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Setja verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.

Skipurit er tilbúið í starfsáætlun skólans. Stuðst var við starfsmannahandbók Hjallastefnunnar. Þar að auki er í vinnslu stjórnendahandbók Hjallastefnunnar þar sem þessi þættir verða tilgreindir.

Móttökuáætlun er komin á vefinn fyrir nýja starfsmenn. Á heimasíðu skólans er að finna áætlun og forvarnir gegn einelti í starfsmannahópnum. Endurskoðun á áætlun verður endurskoðuð með settar verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum og áætlað verklok er 1. desember 2015.

Faglegt samstarf

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf í skólanámskrá hvernig samstarf milli skólastiga og við grenndarsamfélagið er háttað.

Bæta þarf inn í skólanámskrá hvernig samstarfið er milli skólastiga og við grenndarsamfélagið.

Skólanámskrá fyrir skólaárið 2015-2016 verður tilbúin 1. nóvember með tækifærum til umbóta frá Námsmatsstofnun.

Skólaþróun

Tækifæri til umbóta

- Byggja skólaþróun og símenntun á innra mati og ígrundun starfsins.
- Auka beina þátttöku og ábyrgð starfsmanna á innra mati.

Það er mat skólastjóra að skólaþróun og símenntun sé stýrt í samvinnu við kennara og annað starfsfólk skólans. Til að mynda er þróunarvinna spjaldtölvumála sjálfsprottin af einlægum áhuga og metnaði fyrir tæknilæsum skóla hjá kennurum. Starfandi er verkefnastjóri í spjaldtölvumálum. Skólastjórar eru í stöðugu samstarfi við kennara og annað starfsfólk að umbótum, hvað tekst vel til og hvað mætti betur fara. Í lok skólaárs lítur kennari yfir líðandi skólaár og sendir skólastjóra umsögn um hvað gekk vel, hvað gæti gengið betur og hverju mætti breyta sem er svo notað til að rýna í innra starfið. Áhersla skólaárið 2014-2015 var læsi þar sem Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir héldu námskeið, Leið til læsis, og fylgdu því eftir með heimsóknum í skólana með áframhaldandi fræðslu um læsi og lestrarkennslu. Einnig kom Hólmfríður Árnadóttir einu sinni í mánuði allt skólaárið og hélt námskeiðið Læsi til náms og leiðbeindi starfsfólki. Kristín Einarsdóttir grunnskóla- og íþróttakennari leiðbeindi starfsfólki á yngra stigi með verkefnið Leikur að læra sem er læsistengt verkefni með hreyfingu í huga. Lestrarstefna Hjallastefnunnar er í mótun en þar tekur starfsfólk virkan þátt í að móta stefnuna með hópavinnu og ígrundun. Skólafyrirtækið Trappa kemur einnig að mótum lestrarstefnu. Skólarnir taka þátt í reglubundnu mati, líkt og aðrir skólar Hjallastefnunnar, en stendur einnig fyrir mati á þeim þáttum sem tilheyra einungis Barnaskólanum og Vífilsskóla og marka skólunum sérstöðu. Sjálfsmat fer fram með formlegum, kerfisbundnum og reglulegum hætti, markvisst er unnið úr niðurstöðum og þær skjalfestar og nýttar til úrbóta auk þess sem skólarnir birta þær niðurstöður á heimasíðu skólans. Á tveggja vikna fresti eru samráðsfundir stjórnenda og kennara. Þá er starfið ígrundað. Markmið og leiðir eru yfirfarnar og helstu áherslur yfirfarnar hverju sinni. Í hverri viku eru fimmtudagsfundir og ábyrgð starfsmanna í innra mati bæði sýnileg og ábyrgð starfsfólks mikil fyrir söfnun á kerfisbundnum upplýsingum til að meta gæti þeirrar þjónustu sem veitt er. Innra mat er bæði formlegt og óformlegt. Formlega matið snýr að starfsmannakönnun og foreldrakönnun en óformlega matið snýr að niðurstöðum og endurmati af fimmtudags- og samráðsfundum.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Tækifæri til umbóta

- Birta í starfsáætlun skipurit eða lýsingu á stjórnskipulagi skólans.
- Auka þátttöku allra hagsmunaaðila í gerð starfsáætlunar.
- Endurskoða skólanámskrár út frá núgildandi lögum um grunnskóla.
- Erindisbréf verður að endurskoða þannig að þau byggja á gildandi lögum.
- Virkja starfsfólk og skólaráð við endurskoðun skólanámskrár.
- Gæta þess að skólanámskrá endurspegli áherslur og starfshætti hvors skóla fyrir sig.

Skipurit er í starfsáætlun skólans. Allt starfsfólk kemur að undirbúningi starfsáætlunar með tilkomu á innra mati, símenntun, skipulagi skólastarfsins, skipulagi og kennslufyrirkomulagi á Kynjanámskrá Hjallastefnunnar svo eitthvað sé nefnt. Skólanámskrá er í endurskoðun út frá núgildandi lögum um grunnskóla eins og tækifæri til úrbóta segja til um þann 1. október 2015. Þar sem skólinn vinnur saman í heild, fylgir eftir Kynjanámskrá og Meginreglum Hjallastefnunnar er grunnurinn sá sami og starfshættir því líkir. Hins vegar er menning skólanna frábrugðin þar sem áherslumunur er á yngra- og miðstigi.

Skóladagur nemenda

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að kennslutími nemenda uppfylli ákvæði viðmiðunarstundarskrár í Aðalnámskrá. Bæta verður nemendum þann tíma sem fer í akstur í sund og íþróttir þar sem hann gengur á kennslutíma nemenda skv. viðmiðunarstundarskrá.
- Gæta þarf þess að langar vinnulotur séu brotnar upp og löng hlé nýtist nemendum einnig til útiveru og hreyfingar.
- Uppfæra verður töflu yfir skiptingu kennslutíma í starfsáætlun þannig að hún endurspegli framkvæmdina í skólanum.

Til að mæta uppfylltum kennslutíma höfum við aukið kennslutíma með hagræðingu á sundi og leikfimi í opnum vikum.

Barnaskólinn er ekki með akstur í íþróttir og sund frá og með 18. maí þar sem tímafjöldi hefur verið uppfylltur samkvæmt ákvæðum viðmiðunarstundarskrá í Aðalnámskrá. Þannig hefur unnist tími til að bæta upp þann akstur sem gengið hefur á kennslutíma.

Viðmiðunarstundaskrá er í starfsáætlun skólans þar sem hún endurspeglar framkvæmdina í skólanum. Þess má geta að vikuáætlanir eru ólíkar viku til viku en uppfylla viðmiðunarstundaskrá í starfsáætlun.

Verklagsreglur og áætlanir

Tækifæri til umbóta

- Meginreglur verði sýnilegri í skólanum og nemendur og foreldrar upplýstir um þær.
- Gera áætlun um sérkennslu og stuðning.
- Útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Það er okkar trú að foreldrar og nemendur séu vel upplýstir um Meginreglur skólans sem er rauði þráðurinn í Hjallastefnunni. Meginreglur má finna á heimasíðum skólanna og í forstofu skólanna. Búið er að útbúa móttökuáætlanir sem eru aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

Í Meginreglu 1 segir: *Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.* Með því að tileinka sér Meginreglu 1 er hverju barni mætt þar sem það er statt hverju sinni. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir nemendur með sérþarfir. Sérkennslustjórar sjá um að gera einstaklingsáætlanir. Starfandi er yfirsérkennslustjóri hjá Hjallastefnunni sem heldur hann utan um allar niðurstöður skimana og eftirfylgni þeirra í samstarfi við sérkennslustjóra skólanna.

Samskipti heimilis og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Tækifæri til umbóta

- Birta fundargerðir og upplýsingar um starfsemi skólaráðs á heimasíðum eða með öðrum opinberum hætti.

Birta þarf fundargerðir og upplýsingar um fundargerðir frá skólaráði. Þessar upplýsingar eru nú þegar komnar á vefin. Fundargerðir eru skráðar skilmerkilega og allir hluteigendur fá afrit í tölvupósti.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Tækifæri til umbóta

- Bjóða foreldrum þátttöku í vettvangsferðum og heimsóknum.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í allt skólastarfið. Foreldraframlag er sérstakt verkefni sem Hjallastefnan hefur verið með og er það kynnt á hverju skólaári fyrir foreldrum. Þar fá foreldrar tækifæri til þess að taka þátt í skólastarfinu. Einu sinni á önn eru fjölskyldumorgnar sem eru vel sóttir af fjölskyldum barnanna. Fjölskyldum er sérstaklega boðið á fjölskyldumorgna, sýningar, skemmtanir og jólagleði.

Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að efla árangur nemenda í íslensku á samræmdum könnunarprófum.
- Uppfæra skólanámskrá þannig að hún vísi til gildandi laga og reglugerða.
- Setja betur fram á hvern hátt viðmiðunarstundarskrá er uppfyllt.

Huga þarf að því að efla árangur nemenda í íslensku á samræmdum prófum. Nú þegar hefur námsárangur nemenda verið ígrundaður með fagstýrum skólanna þar sem rýnt var í þá þætti sem betur hefðu mátt fara. Búnir voru til hópar fyrir nemendur sem þurftu frekari þjálfunar við. Stuðningur var settur á 8 ára kjarna í Barnaskólanum til að styðja og efla nemendur í íslensku. Verið er að uppfæra skólanámskrá þannig að hún vísi til gildandi laga og reglugerða og verður hún tilbúin 1. október. Viðmiðunarstundarskrá er í starfsáætlun skólans.

Skipulag náms og námsumhverfi

Tækifæri til umbóta

- Gera betur grein fyrir viðmiðum í námsmati í skólanámskrá Barnaskólans.
- Setja fram á hvern hátt samstarf við önnur skólastig (leikskóla) og viðtökuskóla er háttað.
- Auka aðgengi nemenda að fjölbreyttum bókakosti.

Unnið hefur verið markvisst að námsmati skólanna og verður skólanámskrá uppfærð með viðmiðum fyrir námsmatið og verður tilbúin 1. október eins og fram hefur komið.

Jafnt og þétt á vorönn koma nemendur frá leikskólanum Ásum í heimsókn áður en þeir byrja í fimm ára bekk. Þeir nemendur sem fara í Vífilsskóla frá Barnaskólanum, fara einnig jafnt og þétt í heimsókn í Vífilsskóla á vorönn.

Í báðum skólunum er vísir að bókasafni og höfum við gott aðgengi að Bókasafni Garðabæjar þar sem nemendur sækja sér bækur í hverjum mánuði. Bætt hefur verið töluvert við bókakost skólanna á haustönn.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að fjölbreyttum kennsluháttum.
- Efla samvinnu nemenda um nám.
- Orða og tengja námsmarkmið og nám nemenda betur.

Það er trú okkar að við vinnum með fjölbreytta kennsluhætti og höfum Meginreglu 1 alltaf að leiðarljósi við undirbúning kennslu. Öll stóru verkefni okkar eru samvinnuverkefni milli kjarna og samvinna samnemenda er mikil. Markmið eru aðeins sýnileg á veggjum kjarna eða töflu þegar verkefni eru unnin en hins vegar alltaf í orðræðu þegar verkefni eru undirbúin.

Þess má geta að matsaðilar komu í skólana í vikunni fyrir samræmd könnunarpróf og var þá verið að æfa nemendur sérstaklega í sjálfstæðum vinnubrögðum. Spjaldtölvur voru mikið í notkun þessa vikuna í einstaklingsþjálfun og þarf af leiðandi speglaðist ekki hið hefðbundna skólastarf og fjölbreyttir kennsluhættir.

Námshættir og námsvitund

Tækifæri til umbóta

- Huga að notkun upplýsingatækni við nám nemenda í Barnaskólanum.
- Gera markmið náms sýnileg.

Tölvukosti Barnaskólans var ábótavant á haustönn en nú hefur hann verið endurbættur ásamt því að fleiri spjaldtölvum hefur verið bætt við. Á komandi skólaári munu allir nemendur 9 ára kjarna hafa aðgang að spjaldtölvu. Ráðinn hefur verið verkefnastjórnari spjaldtölvumála sem kemur reglulega og samræmir upplýsingatækni og aðstoðar kennara við notkun spjaldtölva.

Í skýrslunni er okkur bent á að markmið náms mættu vera sýnilegri. Öll markmið náms, eru í skólanámskrám, kjarnanámskrám og aðgengileg á vefnum. Okkar stefna snýr hinsvegar að því að við erum t.d. ekki með neitt sýnilegt á veggjum nema viku í senn eða á meðan verkefni stendur.

Vikuáætlanir hanga alltaf uppi á hverjum kjarna fyrir sig þar sem markmið og verklag kemur fram.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvaða verklag er við að afla sjónarmiða allra nemenda um málefni er varða þá.
- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Sjá til þess að nemendafulltrúar geti miðlað upplýsingum til umbjóðenda sinna um ákvarðanir eða umræður sem fara fram í nefndnum eða ráðum sem þeir taka þátt í.

Á fjögurra vikna fresti eru haldnir lýðræðisfundir með nemendum. Kennarar skrá hjá sér óskir og það sem kemur fram á þeim fundum. Kennarar halda utan um fundargerðir lýðræðisfunda og afhenda skólastjórum afrit. Fundargerðir fara á fjölskyldusíðuna.

Það hefur ekki tíðkast að nemendafulltrúar miðli upplýsingum til umbjóðenda sinna um ákvarðanir eða umræður sem fara fram í nefndum þar sem fulltrúar nemenda í skólaráði eru einungis 12 ára gamlir. Allar upplýsingar til nemenda koma frá kennurum eða skólastjórum.

Ábyrgð og þátttaka

Tækifæri til umbóta

- Bæta sýnileika á notkun markmiða í tengslum við inntak náms.
- Auka enn frekar þátttöku nemenda við að meta eigin árangur í námi.

Unnið er að því að gera börn enn meðvitaðri um sitt eigið nám með tilkomu leiðsagnar- og sjálfsmats. Í opnum vikum eru smíðjur og þar meta nemendur sig sjálfir.

Námsaðlögun

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að hafa krefjandi verkefni fyrir þá sem eru fljótir að vinna eða geta tekist á við meiri ögrun í námi.

Huga þarf að því að þeir nemendur sem eru fljótir að vinna hafi fleiri krefjandi verkefni og frekari ögrun. Í Vífilsskóla er nemendum, sem vilja fleiri krefjandi verkefni og meiri ögrun, boðið upp á námsaðstoð einu sinni í viku í 90 mínútur. Í skólunum eru kennarar meðvitaðir um þessa nemendur og hafa auka verkefni fyrir þá sem eru fljótir að vinna. Í Barnaskólanum eru fáir nemendur í hverjum hóp. Þannig ná kennarar að hafa krefjandi verkefni fyrir þá sem eru fljótir að vinna og geta tekist á við meiri ögrun í námi. Í Barnaskólanum er mikið unnið með nám í gegnum hreyfingu og með hlutbundnum gögnum og því möguleikarnir endalausir fyrir þroska hvers nemanda.

Stuðningur við nám

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

Ný skólanámskrá fyrir skólaárið 2015-2016 verður tilbúin 1. október þar sem athugasemdir um niðurstöður skimana og mats verður ígrunduð og þá sérstaklega eftirfylgni og úrvinnsla niðurstaða.

Innra mat

Framkvæmd innra mats

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti matsáætlun til 3 – 5 ára þar sem kemur fram hvenær helstu þættir skólastarfsins eru metnir og innan hennar áætlun til eins árs í senn.
- Skýra hver ber ábyrgð innra mats með skólastjórum.
- Koma á reglulegu mati á kennslu og fagmennsku kennara.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir matsskýrslu að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Gera mat á innra starfi; umræður og ígrundun sýnilegri í gögnum skólans og í matsgögnum.

Hjallamiðstöð ber ábyrgð á innra mati ásamt skólastjórum. Þeir þættir sem Hjallastefnan þarf að skoða betur er að leggja mat á fagmennsku og kennslu kennara með reglulegu mati þannig að markmið og viðmið séu skýr og aðgengileg. Nú þegar hefur verið unnið í að uppfæra nógildandi grunnskólalög og viðmiðunartöflu í starfsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016.

Á hverju vori er endurmat á skólaárinu þar sem starfið er ígrundað í samvinnu við kennara. Með það til hliðsjónar er ákveðið hvernig símenntun verði háttað á næsta skólaári. Einnig eru skólanámskrár og starfsáætlanir kynntar fyrir skólaráði sem og kennarahópnum að hausti.

Niðurstöður úr könnunum eru kynntar fyrir öllum helstu hagsmunaaðilum, ýmist rafrænt eða í fundarformi. Unnið er markvisst að því að halda betur utan um umbótaáætlanir, fundargerðir, skráningar og önnur mikilvæg matsgögn og setja á heimasíðuna það sem við á. Sjálfsmatsskýrsla 2015-2016 er nú þegar komin á vefinn.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Tækifæri til umbóta

- Setja fram viðmið um árangur í öllum þáttum matsins.
- Kynna niðurstöður kannana fyrir öllum helstu hagsmunaaðilum.

- Setja umbótaáætlun skýrar fram og tímasetja aðgerðir og endurmat út frá viðmiðum um árangur.

Nú þegar hafa skólarnir bætt út því að kynna betur niðurstöður kannana fyrir hagsmunaaðilum með því að senda tölvupósta um niðurstöður sem og að setja niðurstöður á heimasíðu skólanna. Sjálfsmatsskýrsla er á heimasíðu skólanna.

Skólabragur

Stefna og viðhorf

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf að stefnumótun í samstarfi allra sem að skólanum standa.

Skólabragur einkennist af jákvæðum samskiptum og virðingu. Stefnumótun í þróunarstarfi skólans er samvinnuverkefni alls starfsfólks í skólunum. Hvað varðar mótun stefnu skólans, þá er það starfsfólkið og þeirra áhugi og kraftur sem mótar stefnu skólans og heldur honum í stöðugri þróun. Hver skóli aðlagar Hjallastefnuna að sínu samfélagi, nemenda- og foreldrahóp.

Líðan nemenda

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf hreyfingu hvort heldur er inni eða úti að daglegri athöfn allra nemenda.

Styrkleika skólans er: Almenn vellíðan í skólastarfinu, unnið markvisst með skilning nemenda á tilfinningum og nemendur hafa val um að brjóta upp langar lotur með smá hreyfingu. Auk þess fara allir nemendur að minnsta kosti út einu sinni á dag í frjálstan leik. Í Barnaskólanum var útileikfimi einu sinni í viku sem verður haldið áfram og mun Vífilsskóli taka það upp til að auka enn frekar á hreyfingu og vellíðan barna. Skólinn er í þróunarstarfi við Kristínu Einarsdóttur með verkefnið „Leikur að læra“ með 5 og 6 ára nemendum. Leikur að læra er kennsluaðferð sem miðast við að kenna börnum bóklegt nám í gegnum hreyfingu á árangursríkan og fjölbreyttan hátt.

Nemendalýðræði

Tækifæri til umbóta

- Huga enn frekar að þátttöku nemenda við ákvarðanatöku um málefni sem snerta þá.

Börn hafa lýðræðislegan rétt til að taka ákvarðanir um málefni sem þá snerta. Í hverjum mánuði eru lýðræðisfundir sem kennarinn heldur með sínum kjarna. Þar hafa börnin rödd og hlustað er á þeirra

skoðanir. Allar hugmyndir sem börnin hafa um skólastarfið eru vel ígrundaðar af lýðræðisnefnd og skólastjórum.

Verklagsreglur og áætlanir

Tækifæri til umbóta

- Hafa fulltrúa alls skólasamfélagsins með við gerð eða endurskoðun reglna.

Kynjanámskráin er okkar skólareglur sem eru viðhafðar allt skólaárið. Kynjanámskráin er fyrirfram tilbúin námskrá sem skólarnir aðlaga að sinni menningu. Kennarar, foreldrar og börn búa til sínar eigin skólareglur á sínum kjörnum sem endurskoðaðar eru reglulega og ígrundaðar vandlega um hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Kynjanámskráin er sú námskrá sem skólinn styðst við ásamt Aðalnámskrá grunnskóla.

